

## ..SKÓLANEFND STYKKISHÓLMS

### 145. fundur. Haldinn miðvikudaginn 12.apríl kl. 17:00 í Ráðhúsi Stykkishólms

**Nefndarmenn:** Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Jón Einar Jónsson ritari, Ásmundur Guðmundsson.

**Fjarverandi:** 1) nefndarmenn: Magda Kulinska, Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir

Formaður setti fund kl. 17:00

### Dagskrárliðir

#### Efni fundarins: Skólastefna Stykkishólmsbæjar

Ingvar Sigurgeirsson hefur nú unnið úr þeim ábendingum sem bárust um vinnuskjalið um niðurstöður funda með foreldrum og fagaðilum um endurskoðun skólastefnu Stykkishólmsbæjar.

Nálgast má upplýsingar um teymishóp og öll skjöl á slóðinni:

<http://skolastofan.is/radgjof/skolastefnuverkefni/endurskodun-skolastefnu-fyrir-stykkisholmsbae>

Teymishópurinn hefur fundað fjórum sinnum. Niðurstöður eru komnar úr foreldrakönnun, þar sem spurt var m.a. um líðan barna í leik-, grunn- og tónlistarskóla. Fjöldi hugmynda hefur komið fram við þessa vinnu, m.a. á fundi teymishóps með starfsfólki skólanna föstudaginn 4.mars.

Ingvar er nú að skrifa drög að skólastefnu upp úr þessari vinnu. Laugardaginn 21. maí kl. 11-14 verður skólaþing þar sem drög að skólastefnunni verða kynnt og þátttakendum skipt í hópa til að ræða drögin og gera athugasemdir.

Efni sem aflað hefur verið í þessari vinnu má lesa á vefnum: [skolastofan.is](http://skolastofan.is).

#### Önnur mál:

Loks er vakin athygli á ný útkomnum bæklingi frá Menntamálaráðuneyti, þ.e.:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/hvernig-getum-vid-baett-menntun-barna-okkar>

Fundi slitið kl. 17:50

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður (sign),

Jón Einar Jónsson ritari (sign),

Ásmundur Guðmundsson fulltrúi (sign).